



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf í Reykjavík – Staðan í október 2022

Meðfylgjandi er minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um stöðu fjölmennningarlegs skóla- og frístundastarfs í Reykjavík í október 2022.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 6. okt. 2022



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf – Staðan í október 2022

Reykjavík er borg í stöðugri þróun og vexti. Á liðnum misserum hefur borgarbúum af erlendum uppruna fjölgað mjög og Íslendingum sem hafa „snúið heim“ eftir að hafa búið langdvölum erlendis. Reykjavíkurborg er því sífellt að fá aukna ásýnd fjölmenningarlegs samfélags og því þarf að þróa skóla- og frístundastarf með þessa staðreynd í huga. Bakgrunnur barna af erlendum uppruna er mjög misjafn og þarfir þeirra sömuleiðis. Fjöldi flóttabarna hefur aukist verulega á síðustu misserum. Í þessu minnisblaði er farið yfir helstu atriði sem þennan málaflokk varða.

Nokkur lykilhugtök

Fólk með erlendan bakgrunn: Fólk er talið hafa erlendan bakgrunn ef annað foreldrið er erlent. Einstaklingur sem fæddist erlendis en á foreldra sem báðir eru fæddir hér á landi telst einnig hafa erlendan bakgrunn.

Innflytjandi: Innflytjandi er einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis, svo og báðir afar og ömmur. Innflytjandi getur bæði verið erlendir ríkisborgari og íslenskur ríkisborgari.

Önnur kynslóð innflytjenda: Innflytjendur af annarri kynslóð eru einstaklingar sem fæddir eru á Íslandi og eiga foreldra sem báðir eru innflytjendur.

Umsækjandi um alþjóðlega vernd: Sú manneskja sem óskar eftir alþjóðlegri vernd í öðru ríki er skilgreind sem umsækjandi um alþjóðlega vernd (hælisleitandi) þangað til umsókn viðkomandi hefur fengið endanlega afgreiðslu hjá stjórnvöldum. Með umsókninni er einstaklingurinn að biðja stjórnvöld um viðurkenningu á stöðu sinni sem flóttamaður, hugtak sem skilgreint er í lögum og í Flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna sem Ísland er aðili að. Þetta á líka við um ríkisfangslausa einstaklinga sem sækja um vernd.

Flóttafólk: Flóttamaður er samkvæmt skilningi Flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) frá 1951 og viðauka hans frá 1967 skilgreindur sem; sá sem er utan við heimaland sitt og hefur ástæðu til að óttast ofsóknir vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum félagsmálaflokkum, eða stjórnmálaskoðana, og getur því ekki eða vill ekki færa sér í nyt vernd þess lands. Flóttamaður getur einnig verið sá sem er ríkisfangslaus, og er utan þess lands þar sem hann hafði reglulegt aðsetur og getur ekki vegna ótta eða ofsókna snúið aftur þangað.



Kvótaflóttafólk: Kvótaflóttafólk er fólk sem hefur fengið boð frá stjórnvöldum um að koma og setjast að í ákveðnu ríki. Kvótaflóttafólk þarf ekki að sækja um alþjóðlega vernd og fær að ganga í gegnum það ferli og fær ákveðna þjónustu af hálfu ríkis svo sem fjárhagslegan stuðning.

Fjölskyldusameining: Maki og börn flóttamanns, sem og foreldrar og systkini fylgdarlaus flóttabarns, eiga rétt á alþjóðlegri vernd og dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar hér á landi.

Samningur um samræmda móttöku: Þjónustusamningur um samræmda móttöku er samningur sem gerður er við sveitarfélög vegna þeirra sem fá stöðu flóttafólks óháð því hvernig þeir koma til landsins, þ.e. kvótaflóttafólk eða flóttafólk á eigin vegum. Samningurinn tekur tillit til þeirra viðbótarþjónustu sem starfsfólk félagsþjónustu þarf að veita vegna flóttafólks

Skilgreining á fjöltyngdum börnum og þjónustupörf í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkur

Þjónusta við fjöltyngd börn og fjölskyldur þeirra þarf að taka mið af þeim fjölbreytta hópi barna sem koma í þjónustu leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs. Hér er hópnunum gróflega skipt upp í þrjá hópa:

1. **Fjöltyngd börn sem eru fædd á Íslandi:** Í þessum hópi eru fjöltyngd börn sem alast upp í íslensku málumhverfi og hafa fjölbreytt heimamál. Þarna þarf sérstaklega að styðja við og styrkja öll mál í umhverfi barnanna með sérstakri áherslu á íslensku en engu að síður að virða heimamálið og hvetja til þess að þau viðhaldi því.
2. **Nýir Íslendingar:** Í þessum hópi eru börn sem eru fædd erlendis, flytja til Íslands á misjöfnum aldri og eru að læra íslensku sem annað mál. Börn sem fæðast á Íslandi og umgangast tvö eða fleiri tungumál frá fyrstu árum og tileinka sér það sem kallast samtíða fjöltyngi (e. simultaneous bilingualism). Börn sem flytja til Íslands eftir fyrsta máltökuskeiðið (stundum skilgreint sem fjögurra ára aldur) og bæta íslenskunni við og læra hana sem annað mál, ferli sem kallast raðbundið tvítyngi (e. sequential bilingualism). Fjöltyngd börn sem nota íslensku daglega ásamt öðrum tungumálum hafa eðlilega mismunandi færni í þeim, en það er nauðsynlegt að gera háar kröfur til málnotkunar þeirra og að gefa þeim skýr, jákvæð og uppbyggjandi skilaboð um framfarir þeirra og markmið. Markmið í kennslu barna með íslensku sem annað (móður)mál eru að þau nái aldurstengdum viðmiðum í íslensku innan hæfilegs tíma, samkvæmt námskrá í íslensku sem öðru máli. Grundvallaratriði er að þau fái góðan faglegan stuðning eftir þörfum alveg frá unga aldri eða um leið og þau koma til landsins. Það er mikilvægt að þau hafi jafna möguleika og á við jafnaldra með íslensku sem móðurmál á áframhaldandi námi og velgengni í íslensku samfélagi (Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla og frístundastarf, 2020).
3. **Börn sem hafa hlotið stöðu flóttafólks og kvótaflóttafólks:** Í þessum hópi barna geta verið börn sem falla undir flokk tvö en þurfa sérstakan stuðning. Börn á grunnskólaaldri




hafa oft mjög rofna skólagöng og þarf því enn mikilvægara að hlúa að stöðu þeirra, bæði námslega og félagslega.

Fjöldi fjöltyngdra barna í Reykjavík

Fjöldi fjöltyngdra barna er mjög mismunandi milli skóla (sjá mynd 1). Þá er hlutfall þeirra af heildar barnafjölda breytilegt á milli borgarhluta. Hæsta hlutfallið er í Breiðholti en er nokkuð jafnt í hinum borgarhlutum (sjá mynd 2). Eftir því sem hlutfall barna af erlendum uppruna er hærra því meira reynir á fjölmenningslega starfshætti í viðkomandi skóla. Einnig eykst þörfin fyrir markvissa kennslu í íslensku 2 þar sem að máltaka á íslensku í gegnum skólafélaga er takmarkaðri. Skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða leikskóla, grunnskóla eða frístundastarf.

Mynd 1. Fjöldi og hlutfall fjöltyngdra barna á leikskólaaldri.



Fjöldi fjöltyngdra barna í grunnskóla 2015 – 2021


Eins og áður segir hefur fjöldi fjöltyngdra barna aukist á liðnum árum bæði í leikskólum og grunnskólum. Árið 2015 voru börnin 1654 í grunnskólum en 2021 var fjöldinn kominn upp í 2929. Hlutfall þeirra af nemendahópnum hefur einnig hækkað á sama tíma eða úr um 12% af heildarfjölda yfir í tæp 20% eins og sjá má á mynd 2.




Mynd 2.
Fjölyngi 2021



Hlutfall fjölyngis hjá börnum í grunnskólum í Reykjavík



Þróun hlutfalls fjölyngdra eftir borgarhlutum



Tölur yfir fjölda fjölyngdra grunnskólabarna fyrir 2022 liggja ekki fyrir en þeirra er að vænta í lok árs. B ráðabirgðatölur SFS frá 1.september 2022 sýna hins vegar mikla fjölgun. Í Reykjavík hafa síðustu skólaár um 150-160 ný börn, í 1. til 10. bekk, sem eru nýflutt til landsins hafið skólagöngu á Íslandi í fyrsta sinn. Þann 1. september var þessi fjöldi kominn upp í 310 og það bætist við í viku hverri. Fjöldi tvítyngdra nemenda í grunnskólum Reykjavíkur mun því fara yfir 3200 á þessu ári.


Tungumálabakgrunnur fjölyngdra barna

Tungumálabakgrunnur fjölyngdra barna er mjög breytilegur. Við greinum tungumál í fyrsta mál, annað mál og þriðja mál. Hlutfall íslensku sýnir hve mörg börn hafa íslensku sem fyrsta, annað eða þriðja mál. Á árinu 2021 voru flest fjölyngd börn með íslensku sem sitt tungumál en þar á eftir kom pólska. Viðbúið er að miðað við straum fólks frá Úkraínu og Venesúela á árinu 2022 eigi eftir fjölga mjög í hópi barna með úkraínskan og spænskan tungumálabakgrunn.



Mynd 3.

Dreifing á tungumálum og málhópum 2021



Börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd og börn sem fá stöðu flóttafólks

Menntun barna sem fá stöðu flóttafólks er mikilvægur liður í árangursríkri gagnkvæmri aðlögun barnafjölskyldna að samfélaginu og er undirstaða jöfnuðar. Í skýrslu nefndar um samræmda móttöku flóttafólks frá 2019, sem unnin var af félagsmálaráðuneytinu, er meðal annars bent á að huga þurfi sérstaklega að börnum sem eru með stöðu flóttafólks. Mörg þeirra hafa misst mikið úr skólagöngu og eru mörg jafnframt oft að kljást við ýmsa erfiðleika. Ungmenninn þarfnast sérstakrar athygli hvað varðar aðgang að námi og undirbúningi fyrir frekara nám. Þar segir meðal annars: „koma þarf til móts við þarfir barna og fjölskyldna þeirra í gegnum þjónustu sveitarfélaga til dæmis með daggæslu, þ.m.t. frístundaheimili, leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar eða önnur menntaúrræði, eftir því sem við á. Einnig þarf að leggja áherslu á þátttöku barna í tómstunda- og félagsstarfi.“ (bls. 23).

Þar sem staða barna sem búið hafa við óstöðugleika og eru með rofna skólagöngu er flókin og þau þurfa mikinn stuðning til að geta tekið þátt í almennu skólastarfi eftir að þau hafa fengið stöðu flóttafólks. Þá þarf að huga að stækkandi hópi barna og foreldra þeirra í hópi kvótaflóttafólks og flóttafólks sem eru með mjög takmarkaða skólagöngu og menntun. Í ljósi þeirra aðstæðna er mikilvægt að börnum og fjölskyldum þeirra sé tryggður betri undirbúningur og stuðningur til að geta verið þátttakendur í almennu leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi en á almennt við um börn af erlendum uppruna. Það liggur fyrir að sá hópur sem um ræðir hefur litlar forsendur til þess að taka þátt í almennu grunnskólastarfi með jafnöldrum sínum án sérstakrar aðlögunar og stuðnings til að ná tókum á íslenskunni. Fjöldmargar áskoranir eru fyrir þessi börn á leik- og grunnskólaaldri sem lúta að félagslegum, heilsufarslegum og námslegum þáttum.



Rannsóknir og fengin reynsla sýna að flest börn með flóttabakgrunn eru með brotna skólagöngu og glíma við ýmsa erfiðleika sem tengjast aðstæðum sem þau koma úr. Taka verður tillit til tilfinningalegra, félagslegra og námslegra þátta við aðlögun, inngildinguna og skiplag náms og annars stuðnings til lengri tíma. Áfallamiðuð nálgun er mikilvæg í skólastarfi og foreldrasamstarfi og byggja þarf upp þekkingu starfsfólks með ráðgjöf, fræðslu og handleiðslu. Með fjölgun barna með flóttabakgrunn í leik- og grunnskólum hafa orðið til nýjar áskoranir fyrir þessar menntastofnanir og mikilvægt er að þær fái tækifæri og bjargir til að vinna með.

Á þriggja ára tímabili (2019-2022) hefur talsverður fjöldi barna komið til Íslands í leit að alþjóðlegri vernd og stór hluti þeirra er með búsettur í Reykjavík. Börnin og fjölskyldur þeirra búa í úrræðum á vegum Alþjóðateymis Reykjavíkurborgar, undir teymi umsækjanda um alþjóðlega vernd og er staðsett á Suðurmíðstöð (Breiðholt).

- Börn á leikskóla: 49 börn
- Börn í 1. og 2. bekk: 42 börn
- Börn í 3. – 10 bekk: 114 börn

Árið 2015 gerði Skóla- og frístundasvið ákvæði í samningi milli Velferðasviðs og Útlendingastofnunar um að ákveðin greiðsla skyldi fylgja börnum í leit að alþjóðlegri vernd í leikskólum, grunnskólum og í frístundastarfi.

Stoðdeild Birtu


Stoðdeildin Birta við Álftarmýrarskóla hóf starfsemi sína í ágúst 2019 í húsnæði frístundaheimilisins Álftabæ á vegum frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýri. Úrræðið var stofnað til að hafa stuðning við börnin markvissari en mögulegt er úti í skólum borgarinnar. Í ágúst 2022 var starfsemin flutt í Seljaskóla. Birta er skólaúrræði fyrir börn sem eru í leit að alþjóðlegri vernd á aldrinum 8 til 16 ára en börn í 1. og 2. bekk fara í sinn hverfisskóla. Í verklagsreglum um skólaþjónustu við börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd er lögð áhersla að þau skuli ekki dvelja lengur en eitt skólaár í stoðdeild Birtu, hafi umsókn þeirra hefur ekki verið afgreidd, af þeim tíma loknum, skuli þau fara í sinn hverfisskóla.

Fyrri skólaganga barna í stoðdeild Birtu 2019 – 2022

Skólaganga barna áður en þau hófu dvöl í Birtu er mjög mis löng. Mörg þeirra hafa notið heilstæðrar menntunar á meðan önnur hafa brotna skólagöngu. Frá 2019 – 2022 hafa 114 börn í 3. – 10. bekk fengið þjónustu frá stoðdeild Birtu, af þeim var 45% stúlkur og 55% voru drengir. Um 20% barnanna hafa notið samfelldrar skólagöngu og tæp 17% voru með enga skólagöngu að baki. Rúm 60 % barnanna voru með rofna skólagöngu að einhverju marki (sjá nánar mynd 4).



Mynd 4.



Fjárhagslegur stuðningur frá ríkinu

Fjárhagslegur stuðningur ríkisins vegna tvítyngdra barna í Reykjavík er afar takmarkaður og einskorðast við þau börn sem eru í leit að alþjóðlegri vernd og hefur þeim fjölgað mjög. Gera má ráð fyrir að mörg þessara barna muni fá stöðu flóttafólks á næstu mánuðum. Þá hefur flóttafólki, kvótaflóttafólki, fylgdarlausum börnum og ungmennum og fólki sem kemur á grundvelli fjölskyldusameiningar fjölgað mikið. Sama má segja um fjölda barna sem kemur í gegnum samræmda móttöku. Menntun þessara barna og sá sértæki stuðningur sem þau þurfa á að halda í aðlögun sinni er án fjárhagslegs stuðnings frá ríkisvaldinu.

Í leit að alþjóðlegri vernd. Árið 2015 setti skóla- og frístundasvið ákvæði í samning milli velferðasviðs og Útlendingastofnunar um að ákveðin greiðsla skyldi fylgja börnum í leit að alþjóðlegri vernd í leikskólum, grunnskólum og í frístundastarfi. Þetta er eini hópurinn sem Reykjavík fær fjárhagslegan stuðning með og þar sem að hraði afgreiðslna hefur aukist minnkar sá tími sem fé fylgir barni. Samkvæmt samningnum er greitt fyrir skóladvöl, stuðning og í sumum tilfellum þegar er mikil stuðningsþörf. Upphæðin er 395.000 á mánuði fyrir börn í grunnskóla og 446.000 fyrir börn í leikskóla.

Kvótaflóttafólk: Í samningi velferðarsviðs og Félagsmálaráðuneytisins var gerð krafa um að þörfin á stuðningi fyrir börn með stöðu flóttafólks í leikskólastarfi, grunnskólastarfi og frístundastarfi yrði viðurkenndur. Í móttöku kvótaflóttafólks frá Sírlandi árið 2017 fékk skóla- og frístundasvið fjármagn til að veita börnum á leikskóla, grunnskóla og frístundastarf fjármagn. Í grunnskólum jafnaðist það á við eitt stöðugildi kennara fyrir 12 börn í 2 ár og eitt stöðugildi brúarsmiðs í eitt ár. Þetta var um 1.7 milljón á barn fyrsta skóla árið og tæp 900.000 á barn annað skólaárið. Þegar samningar um samræmda móttöku voru gerðir féll út allur fjárhagslegur stuðningur til málefna leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs.

Samræmd móttaka: Í samræmdri móttöku er ætlað að jafna stuðning við hópa flóttafólks hvort heldur sem þau koma á forsendum kvótaflóttafólks, fá stöðu flóttafólks í kjölfar



umsóknar um alþjóðlega vernd eða á grundvelli fjölskyldusameiningar. Í þeim samningi sem var undirritaður 2021 var hluti um stuðning vegna skólagöngu tekin út og ekkert fjármagn fylgdi börnum sem fá stöðu flóttafólk hvorki í leikskóla, grunnskóla né frístundastarfi.

Börn með stöðu flóttafólks: Ekkert fjármagn fylgir börnum frá ríkinu sem hafa fengið stöðu flóttafólks þó svo að þau séu að takast á við oft á tíðum afar erfiðar áskoranir. Skólarnir hafa ekki verið að skrá sérstaklega þær upplýsingar inni skólakerfið (Mentor) en fyrir liggur að samkeyra þarf þessar upplýsingar með velferðarsviði. Stærsti hluti barna með stöðu flóttafólks koma frá Úkraínu, Venesúela, Palestínu, Afganistan og Sírylandi.

Úthlutun fjármagns vegna ísl2 frá Jöfnunarsjóði: Reykjavíkurborg er eina sveitarfélagið á landinu sem fær ekki úthlutað úr Jöfnunarsjóði vegna kennslu barna í ísl2 í grunnskólum. Í ár, 2022 nemur upphæðin 170.000 kr. pr. nemenda og var úthlutað til 3.600 nemenda á landinu, í öllum sveitarfélögum nema Reykjavík. Í Reykjavík eru um 3.200 nemendur sem falla undir ísl2. Með réttu og í ljósi jafnræðis barna ætti Reykjavíkurborg að fá 544 milljónir á árinu 2023 frá jöfnunarsjóði.

Hvað hefur Reykjavíkurborg gert til að efla móttöku barna af erlendum uppruna?

Á árinu 2015 voru samþykktar tillögur fagráðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings þar sem m.a. var lagt til að sett yrði á fót miðstöð fræðslu- og kennsluráðgjafar á sviði málþroska og læsis. Í kjölfar þessa hefur eftirfarandi gerst í málaflokknum:

- Ráðning á verkefnastjóra fjölmennningar í grunnskólum og frístundastarfi sem vinnur á skrifstofu SFS í Borgartúni sem og verkefnisstjóra fjölmennningar í leikskóla.
- Miðja máls og læsis var stofnuð þar sem starfa kennsluráðgjafar með sérþekkingu í móttöku og kennslu í íslensku sem öðru máli.
- Ráðning á brúarsmiðum, eitt stöðugildi filippseykumælandi brúarsmiðs, 60% staða pólskumælandi brúarsmiðs og 40% staða arabískumælandi brúarsmiðs.
- Milli mála málkönnunarpróf tekið til notkunar og úthlutunarreglum fjármagns breytt.
- Miðlægur pottur vegna túlkajónustu stofnaður fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar.
- Úthlutun fjármagns vegna kennslu í íslensku sem öðru máli hækkaði úr 70 milljónum árið 2015 þar sem úthlutað var til 1500 nemenda í 190 milljónir 2017 til 2100 nemenda.
- Úthlutun fjármagns vegna fjöltyngdra barna í leikskólum fór úr 39 milljónum í 92 milljónir árið 2017 í kjölfar djúpgreiningar. Árið 2018 var 92 milljónum úthlutað vegna 1304 fjöltyngdra barna
- Gjaldfrjáls frístund í 3 mánuði fyrir börn í 1. – 4.bekk sem eru nýkomin til landsins

Árið 2018 voru frekari verkefni samþykkt og voru eftirfarandi verkefni innleidd:

- Úthlutun fjármagns vegna kennslu í íslensku sem öðru máli í grunnskóla hækkar um tæplega helming, fjármagnið fór úr 190 milljónum í 279 milljónir.
- Ráðning kennsluráðgjafa til Miðju máls og læsis sem heldur utan um innleiðingu á sænska matstækinu.
- *Velkomin í hverfið þitt*, ný móttökuáætlun í grunnskólum sem fulltrúar frístundastarfs og þjónustumiðstöðvar koma að til að efla heildræna móttöku nýrra fjölskyldna.



- Stoðdeildin Birta stofnuð fyrir börn í leit að alþjóðlegri vernd í 3. – 10. bekk og sækja þau nám við Álftamýrarskóla.
- Sumarnámskeið fyrir nýkomin börn þar sem áhersla var lögð á kennslu í íslensku sem annars máls og samfélagsfræðslu. „Lært í gegnum leikinn“ var í boði í fyrsta sinn sumarið 2020 fyrir tilstilli fjármagns tengdu atvinnuátaksverkefni.

Árið 2021 voru eftirfarandi verkefni samþykkt:

- Úthlutunarpottur til grunnskóla hækkaður þannig að 130.000 kr. fari til hvers nemanda með annað móðurmál en íslensku (íslensku2), að meðaltali
- Hækka fjármagn um 10 milljónir í úthlutunarpott leikskóla til að viðhalda viðmiði um 1,33% af stöðuhlutfalli fyrir leikskóla með 15 börn eða fleiri
- Eitt stöðugildi til Miðju máls og læsis sem metur nemendur samkvæmt sænska matstækinu og veitir ráðgjöf til skóla um framkvæmd íslensku2.
- Eitt stöðugildi brúarsmiðs.
- Starfsemi í íslenskuverum hefur verið innleidd inní alla fjóra borgarhlutana. Þau eru staðsett í Austurbæjarskóla fyrir Vesturhverfi, Vogaskóla fyrir Norðurhverfi, Ingunnarskóla fyrir Austurhverfi og við Breiðholtsskóla fyrir Suðurhverfi. Í hverju íslenskuveri eru 2 ½ stöðugildi undir stjórn viðkomandi skólastjóra, samtals 10 stöðugildi. Íslenskuver er fyrir nemendur sem eru ný flutt til landsins í 5. – 10. bekk og er ætlað að styðja við nemendur að ná grunn skólaorðaforða.

Árið 2022 voru eftirfarandi verkefni samþykkt:

- Skóla- og fjölskyldumiðstöð fyrir börn og foreldra frá Úkraínu – tímabundið úrræði.
- Skólaúrræði fyrir flóttafólk frá Úkraínu í Vesturbæjarskóla.

Skóla- og fjölskyldumiðstöð fyrir flóttafólk frá Úkraínu var stofnuð í vor til að bregðast við þeim fjölda sem kom hingað til lands. Miðstöðin var fyrir börn á leikskóla, grunnskóla og framhaldsskólaaldri ásamt foreldrum þar sem lögð var áhersla á að læra íslensku. Starfsemin fór fram í frístundamiðstöðinni Tjörninni, við Frostaskjól. Alls tóku þátt á bilinu 30-40 manns á degi hverjum. Miðstöðin var starfrækt frá 28. apríl til 7. júní og voru sex úkraínsku og íslenskumælandi starfsmenn að störfum. Fólk var þ.a.m aðstoðað við að skrá börn í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Mikil ánægja var með starfið og voru viðbrögð foreldra og annarra þátttakanda í einu orði að þetta hefði stutt vel við börn og foreldra þeirra í sínum fyrstu skrefum hér á landi.

Ríkið hefur nú tekið á leigu húsnæði fyrir flóttafólks á nokkrum stöðum í Reykjavík, þ.a.m á Hótel Sögu, Comfort Hotel og Svanshótel. Þarna hefur fólk sem hefur fengið stöðu flóttafólks og er í svokölluðu Skjóli á vegum ríkisins, með aðsetur þar til þau geta fundið sér húsnæði. Almenna reglan er að fólki geti dvalið á þessum stöðu í allt að átta vikur þó svo að ljóst sé að margir dvelja mun lengur þar sem ekki er unnt að finna húsnæði. Það er skólaskylda á Íslandi og kveðið er á um að börn á grunnskólaaldri skuli vera innrituð í grunnskóla eigi síður en fjórum vikum eftir komu til landsins. Stór hópur barna dvelur á Hótel Sögu og á öðrum hótélum. Ljóst var í upphaf skólaársins að mikil ásókn yrði í nærliggjandi grunnskóla, þ.a.m Melaskóla, Hagaskóla og Álftamýraskóla. Sú ákvörðun var tekin að útbúa sérstaka skóladeild í



Vesturbæjarskóla fyrir nemendur á grunnskólaaldri. Tveir úkraínskir kennarar voru ráðnir og hefur úkraínskur brúarsmiður Miðju máls og læsis komið að íslenskukennslu. Í dag eru tæplega 20 börn í deildinni og bætist við daglega í hópinn. Mikil ánægja er meðal barna og foreldra á þessari „ljúfu byrjun“ og eru börnin tengd inni sinn hverfisskóla um leið og þau fá húsnæði. Það er hins vegar ljóst að þetta úrræði getur ekki endalaust tekið á móti og hugsanlega þarf að stækka úrræðið ef fjölgunin heldur áfram með þessum hætti.

Áskoranir í dag

Það sem af er þessu ári hefur fjölgun fólks á flótta margfaldast, sér í lagi fjöldi fólks sem kemur frá Úkraínu og Venesúela. Reykjavíkurborg hefur tekið á móti miklum fjölda úr þeim hópi. Það sem af er ári hafa komið til Reykjavíkur 53 börn á leikskólaaldri og 134 börn á grunnskólaaldri.

Skólaúrræði fyrir aðra hópa

Nýlega var tekið á leigu húsnæði við Síðumúla 19 þar sem fólk í Skjóli hafa allt að 6 mánaða athvarf. Nú þegar hafa 50 manns flutt þangað, þar af 12 börn á grunnskólaaldri. Nauðsynlegt er að finna skólaúrræði fyrir þennan hóp þar sem nærliggjandi grunnskóli, Álftamýraskóli mun ekki hafa tæk á að taka á móti öllum þessum börnum sem eiga að fara inn í almennt skólastarf án nokkurs stuðnings. Í vikunni opnaði fjöldahjálparstöð fyrir flóttafólk í Borgartúni. Ekki liggur fyrir fjöldi barna í þessu úrræði og hver þörf þeirra er fyrir stuðning í skóla- og frístundastarfi.

Fjölgun barna með sérstakar þarfir

Í hópi þeirra barna sem komið hafa til landsins er töluverður fjöldi barna með mjög sérstakar þarfir. Það sem af er þessu ári hafa komið 2 börn á leikskólaaldri með fötlun en börnin eru 10 á grunnskólaaldri. Búast má við frekari fjölgun barna með sérstakar þarfir á komandi mánuðum.

Það sem framundan er

Samkvæmt spálíkani má búast við að það sem eftir 2023 verði fjöldi flóttabarna allt að eftirfarandi:

- Út 2023 í leikskólum 190 börn
- Út 2023 í grunnskólum 455 börn

Ljóst er að það verður erfitt að bregðast við þessum fjölda miðað við núverandi skólahúsnæði í borginni og hvar algengustu búsetuúrræðin eru. Almennt má segja að skólahúsnæði vestan Elliðaár sé fullnýtt. Ekki er hægt að spá fyrir um hvernig málefni Úkraínubúa þróast og hversu margir munu kjósa framtíðarbúsetu hér á landi. Mikilvægt er að Reykjavíkurborg sé í góðu samstarfi við það samfélag til að móta áherslur í skóla- og frístundastarfi barnanna.

Skilningsleysi á þörfum barna

Afstaða ríkisins til skóla- og frístundastarfs fjöltyngdra barna á leik- og grunnskólaaldri í Reykjavík og barna flóttafólks er með nokkrum ólíkindum. Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur lagt fram tillögu að reynsluverkefni sem felur í sér almennan stuðning við sveitarfélög vegna verkefna sem tengjast skóla- og frístundastarfs flóttabarna.



Atriði sem tengjast verkefninu og varða beint Reykjavík eru a) stuðningur vegna launakostnaðar stuðningsaðila s.s. brúasmiða sem hafa það hlutverk að styðja við íslenskunám og hjálpa börnum með aðlögun í leik- og grunnskólum. Miðað við er að barni í leikskóla fylgi 125.000 krónur á ári og 200.000 krónur á ári. b) Stuðningur við uppbyggingu úrræða vegna barna sem eiga sögu umrofna skólagöngu í þrem sveitarfélögum þar sem flestir börn á flóttu fara í reynsluverkefni og þróa aðferðir til þess að aðstoða börnin. Í hlut Reykjavíkur kæmi fjármagn sem dugar til ráðningar 1-2 stöðugildi sérfræðings í málefnum flóttabarna og skólustarfs með þeim.

Ljóst er að þetta fjármagn frá ríkinu dugar engan vegin til þess að mæta tilkostnaði borgarinnar vegna skólustarfsins og koma til móts við flóknar og margvíslegar þarfir flóttabarna í skóla- og frístundastarfi. Virðist það vera sýn mennta- og barnamálaráðuneytis að sveitarfélögin eigi að standa undir öllum kostnaði sem varðar skólagöngu barnanna með vísan í lagaákvæði um skólaskyldu.

Það er því útlit fyrir að öllu óbreyttu að Reykjavíkurborg beri nánast allan samfélagslegan tilkostnað af kennslu íslensku² og móttöku flóttabarn bæði hvað varðar skólustarf, félagsstarf og félagslega inngildingu. Það er gríðarlegt hagsmunamál fyrir Reykjavík að fá ríkisvaldið til þess að tryggja meira fjármagn svo að Reykjavíkurborg geti stutt við þessi börn með viðeigandi hætti. Það er nauðsynlegt til allrar framtíðar, þessara barna vegna og samfélagsins alls að þau njóti bernsku og fái jöfn tækifæri til náms og starfa eins og aðrir Íslendingar.